

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslensk Erfðagreining Íslensk Erfðagreining



Dags eftirlits	3.2.2016	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Íslensk Erfðagreining	Fulltrúi UST	
Heimili	Sturlugata 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	691295-3549	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Unnur Þorsteinsdóttir	ÍSAT nr.	72110
Fulltrúi fyrirtækis	Auður Magnúsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru frá settum leyfisskilyrðum. Ein athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Samkvæmt útsendri dagskrá skyldi fara yfir leyfi ÍE til takmarkaðrar notkunar á erfðabreyttum lífverum, kröfur um að fyrirtækið sæki um starfsleyfi, niðurstöður úr eftirliti fyrri ára, áhættumat og afmörkunarflokkun starfseminnar, skráningar og vinnudagbækur, neyðaráætlun og tengiliðir vegna tilkynningarskyldra viðburða, um gerð áætlunar um frágang vegna rekstrarstöðvunar, meðferð úrgangs, gufusæfa og dauðhreinsun, vinnuborð og vinnuföt og varúðarmerkingar og stýring á aðgangi að vinnusvæðum.

Sest var niður með Unni Þorsteinsdóttur og Auði Magnúsdóttur en fljótlega slógust í hópinn Knútur Birgir Otterstedt, Margrét Andrésdóttir og Áslaug Jónasdóttir. Fram kom að núverandi leyfi félagsins er afar ófullkomið og gefið út fyrir Lynghálss 1 árið 1998. Umhverfisstofnun hyggst því fara fram á að sótt verði um starfsleyfi sambærilegt því sem gefið hefur verið út fyrir önnur fyrirtæki með erfðabreyttar lífverur. Fram kom einnig að leyfi það sem gefið var út til Íslenskar erfðagreiningar ehf. 3. mars 2009 vegna afmarkaðrar notkunar á erfðabreyttum músum að Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík er útrunnið.

Í síðasta eftirliti var óskað eftir því að neyðaráætlun væri uppfærð og köllunarskrá þ.e. nöfnum og símanúmerum hjá tengiliðum eftirlitsaðila, bætt við neyðaráætlunina. Enn er þetta ítrekað.

Í II. kafla reglugerðar nr. 275/2002 er kveðið á um afmörkunarráðstafanir til þess að tryggja heilsu manna og að umhverfi spillist ekki og skulu unnar út frá áhættumati vegna starfseminnar. Kröfur til afmarkaðrar notkunar á erfðabreyttum örverum í lægsta afmörkunarflokki eru helstar að yfirborð á vinnuborðum á rannsóknarstofum hrindi frá sér vatni, sýrum, bösum, leysiefnum, sóttgreinsandi efnum og afmengandi efnum og að auðvelt sé að þrifa þau, að starfsemin hafi aðgang að gufusæfi og að viðeigandi hlífðarfatnaður sé notaður við vinnu á rannsóknarstofum. Allt þetta var í lagi.

Í V. kafla sömu reglugerðar eru kröfur um skráningar og vinnudagbækur. Skráningar ÍE eru í miðlægt tölvukerfi fyrirtækisins og rætt var um að bæta mætti leiðbeiningar (template) til starfsmanna um hvaða þætti skuli skrá.

Rætt var um aðgangsstýringar og varúðarmerkingar sem vara við hættu af líffræðilegum toga. Allt virtist það vera í góðu lagi.

Gengið var um húsið með Margréti Andrésdóttur og Auði Magnúsdóttur, skoðuð var meðferð úrgangs, þvottaaðstaða og gufusæfir sem og rafgreina- og rannsóknastofur.

Engin óhöpp né smit hafa orðið.

ATHUGASEMDIR

1. Uppfæra þarf neyðaráætlun og bæta inn tengiliðum eftirlitsstofnana vegna tilkynningarskyldra atburða.


ANNAÐ

Rætt var um að Íslensk erfðagreining myndi sækja um starfsleyfi fyrir afmarkaðri notkun á erfðabreyttum lífverum þar sem:

1. Leyfi Hollustuverndar ríkisins frá 8. sept. 1998 uppfyllir ekki kröfur um starfsleyfi eins og þau eru í dag.
2. Leyfið er gefið út fyrir Lynghóls 1, 110 Reykjavík
3. Breytingar hafa orðið á starfsemi rekstraraðila sem og tækni fleygt fram á undanförunum 18 árum.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.02.2016



Gottskálk Friðgeirsson